

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

899. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. febrúar 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Fundarritari:

Elín Jóna Rósinberg.

Afgreiðslur:

1. **160207 Sorpútboð (áður á dagskrá 897. og 898. fundar).**
Ína Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóri kemur inn á fundinn. Byggðarráð samþykkir fela sveitarstjóra ásamt umhverfisstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda Vilhelm Harðarson.
 2. **1511043 Bréf frá Úrskurðarnefnd velferðarmála vegna kæru Rakelar Jönu Arnfjörð.** Um er að ræða kæru á ákvörðun Húnaþings vestra um synjun húsaleigubóta sem tilkynnt var með bréfi, dags. 25. janúar 2016. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins.
 3. **1602020 Brennsluofn fyrir sláturhúsúrgang. Sláturhús Hvammstanga-beiðni um umsögn (áður á dagskrá 897. fundar).**
Byggðarráð samþykkir að óska eftir umsögn skipulags- og umhverfissráðs. Landbúnaðarráð hefur þegar tekið jákvætt í erindið.
 4. **1602115 Bréf frá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga.** Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- Samþykkt að taka á dagskrá:
5. **Ráðning safnvarðar á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna.** Lagður fram tölvupóstur frá sveitarstjóra þar sem tilkynnt var um ráðningu Benjamíns Kristinssonar sem safnvarðar á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:41

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal